

Þriðjudaginn 11. febrúar 1992.

Nr. 62/1992.

Ákærvaldið

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærinni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir eftir atvikum rétt að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1992.

Ár 1992, föstudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Hallgrími Viggó Marinóssyni, kt. 160744-3329, heildsala og veitingamanni, til heimilis að Dragavegi 6, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Um málavexti vísast til gæsluvarðhaldsúrskurðar, upp kveðins 4. febrúar sl., vegna fyrri kröfu RLR um gæsluvarðhald á hendur kærða. Þeim gæsluvarðhaldsúrskurði skaut kærði til Hæstaréttar Íslands, og hefur Hæstiréttur með dómi í málinu nr. 51/1992 staðfest niðurstöðu sakadóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald á hendur kærða.

Áframhaldandi rannsókn málsins hefur leitt það í ljós, að eldur hafi komið upp á þremur stöðum á fyrstu hæð hússins, og enn fremur, að upphafsstaðirnir séu ótengdir hver öðrum. Þá hafa brunaferlar bent til þess, að logað hafi frá eldfimum efnunum, en þrátt fyrir það að slökkvilið hafi byrjað slökkvistarfið u.þ.b. 30 mínútum eftir, að kærði læsti húsinu og yfirgaf vettvang, var útbreiðsla og eyðilegging elds gífurleg. Þá kemur fram í rannsóknargögnum málsins, að kærði hafi orðið síðastur til að yfirgefa húsnæðið, og jafnframt er það talið liggja fyrir, að húsnæðið hafi verið læst, er slökkviliðið kom að því. Kærða er einum til að dreifa vegna grunar um íkveikju.

Ekki liggja enn fyrir niðurstöður rannsókna Rannsóknastofu háskólans á ýmsum sýnum, er þangað hafa verið send til rannsóknar, og enn hefur ekki náðst til allra þeirra vitna, er nauðsynlegt er að yfirheyra.

Með vísan til framanritaðs, þess, er áður hefur verið getið vegna fyrri kröfu RLR, og skírskotunar til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina að fullu. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hallgrímur Viggó Marinósson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.
